

Vegir í náttúru Íslands

Um gerð skrár yfir vegi í náttúru Íslands og högun og skil á gögnum

2. útgáfa, janúar 2024



Efnisyfirlit

Skrá yfir vegi í náttúru Íslands.....	3
Ferli og samráð.....	3
Til hvaða vega tekur skráin?.....	4
Gerð stafrænnar skrár.....	5
Flokkun eftir vegtegund.....	6
Fitjueigindir.....	6
Gerð skrár yfir vegi í náttúru Íslands samhliða gerð aðalskipulags.....	8
Kynning tillögu að skrá yfir vegi í náttúru Íslands.....	8
Endanleg afgreiðsla og gögn til Skipulagsstofnunar.....	8
Gildistaka og miðlun á skrá yfir vegi í náttúru Íslands.....	9
Gerð skrár yfir vegi í náttúru Íslands samhliða gerð svæðisskipulags..	11
Breyting á skrá yfir vegi í náttúru Íslands.....	11
Frekari upplýsingar.....	11

Titill

Vegir í náttúru Íslands: Um gerð skrár yfir vegi í náttúru Íslands og högun og skil á gögnum. 2. útgáfa 2024

Útgefendur janúar 2024

Vegagerðin, Suðurhrauni 3, Garðabæ
Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík



Skrá yfir vegi í náttúru Íslands

Með náttúruverndarlögum sem tóku gildi árið 2015 og reglugerð sem sett var á grundvelli þeirra árið 2018 var fest umgjörð um hvernig standa skal að ákvörðunum um vegakerfi í náttúru Íslands, þ.e. um aðrar ökuleiðir utan byggða en þær sem tilheyra þjóðvegakerfinu.

Það er á ábyrgð sveitarstjórna að ákveða slíkar ökuleiðir og taka saman skrá yfir vegi í náttúru Íslands, aðra en þjóðvegi, þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil.

Samkvæmt lögum og reglugerð heldur Vegagerðin utan um samþykktar skrár yfir vegi í náttúru Íslands. Sveitarstjórnir kortleggja og skrásetja viðkomandi ökuleiðir og Vegagerðin veitir almenningi aðgang að skránni í gegnum vefþjónustu bæði til skoðunar og til niðurbals.

Skráin skal unnin samhliða gerð aðalskipulags, eða eftir atvikum svæðisskipulags, í samráði við hagsmunaaðila og hlýtur samþykkt samhliða afgreiðslu aðal- eða svæðisskipulags eða breytinga á þeim.

Skipulagsstofnun tekur við skránni og sér til þess að hún berist Vegagerðinni til skráningar og birtingar.

Á þennan hátt verður til heildstæð skráning yfir vegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil, með eða án takmarkana. Jafnframt er skráin grundvöllur fyrir útgáfu vegakorta, þar á meðal stafrænna korta fyrir leiðsögutæki.

FERLI OG SAMRÁÐ

Sveitarstjórnir eiga að vinna tillögu að skrá yfir vegi í náttúru Íslands samhliða gerð nýs aðalskipulags eða breytingar á aðalskipulagi. Við tillögugerðina á að hafa samráð við Vegagerðina, Umhverfisstofnun og önnur stjórnvöld þjóðgarða þar sem það á við, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaganna, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.

Þar sem skrá yfir vegi í náttúru Íslands er unnin samhliða gerð aðalskipulags er að einhverju leyti unnt að samþætta samráð við gerð skrárinnar við það samráð sem lagt er upp með vegna vinnslu viðkomandi aðalskipulagstillögu. Þar á meðal samráð við íbúa og aðra hagsmunaaðila. **Engu að síður er mikilvægt að sérstakt samráð eigi sér stað, með ofangreindum aðilum, sem sérstaklega beinist að ákvörðun um vegi í náttúru Íslands og skráningu þeirra.**

Vegir í náttúru Íslands sem tengjast þjóðvegum og útfærsla allra tenginga við þá er háð samþykki Vegagerðarinnar og skulu þær tengingar uppfylla kröfur veghönnunarreglna.

Í skrá yfir vegi í náttúru Íslands á einungis að sýna tengingar við þjóðvegi sem hlotið hafa samþykki Vegagerðarinnar.

Þegar um er að ræða vegi sem liggja innan friðlýstra svæða og þjóðgarða er skráin háð samþykki Umhverfisstofnunar eða stjórnvalds viðkomandi þjóðgarðs.

TIL HVAÐA VEGA TEKUR SKRÁIN?

Skrá yfir vegi í náttúru Íslands á að taka til vega utan byggðar, annarra en þjóðvega. Um er að ræða núverandi vegi eða akfærar leiðir bæði á hálendi og á láglandi sem eru ekki skilgreindar í vegaskrá Vegagerðarinnar.

Þó vegur sé tilgreindur í skrá yfir vegi í náttúru Íslands felur það ekki í sér að hann sé fær öllum vélknúnum ökutækjum. Skráningin felur heldur ekki í sér ábyrgð á viðhaldi vega. Fyrst og fremst er um að ræða ákvarðanatöku um hvaða leiðir er heimilt að aka, í sumum tilfellum með tilteknum takmörkunum.

Við mat á því hvaða leiðir skal setja fram í skrá yfir vegi í náttúru Íslands skulu sveitarstjórnir meðal annars líta til eftirfarandi atriða:

Er um að ræða veg í náttúru Íslands?

Skráin tekur almennt ekki til samþykktra vega og vegtenginga í byggð.

Skráin tekur ekki til heimreiða að bæjum eða frístundabyggð.

Skráin tekur ekki til vinnuvega innan ræktaðs landbúnaðarlands.

Er um að ræða greinilegan og varanlegan veg sem löng hefð er fyrir akstri um?

Er akstur um viðkomandi leið líklegur til að hafa neikvæð áhrif á landslag og víðerni?

Er akstur um viðkomandi leið líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi eða hafa í för með sér önnur náttúruspjöll?

Gerð stafrænnar skrár

Skrá yfir vegi í náttúru Íslands skal unnin í landupplýsingahugbúnaði sem línuskrá. Skráin skal eingöngu innihalda vegi sem sveitarstjórn hefur tekið ákvörðun um að skilgreina sem vegi í náttúru Íslands en ekki aðra vegi eða línur. Á vef Skipulagsstofnunar, skipulag.is er að finna forsníð fyrir skráningu gagna um vegi í náttúru Íslands sem nota má í landupplýsingahugbúnaði.

Við vinnslu gagnanna þarf að hafa eftirfarandi atriði í huga:

Nákvæmni	Staðsetning vegar skal skráð sem hnitúð miðlína vegar og miðað við að nákvæmni sé að lágmarki +/- 5 m.
Gerð miðlína	Hver miðlína skal vera táknuð með einni heilli línu en ekki mörgum línubútum (e. multiline).
Reglur	Fitjur, gildi og eigindi eru flokkuð og skráð samkvæmt reglugerð um vegi í náttúru Íslands og fitjuskrá Landmælinga Íslands um samgöngur, nema annað sé tekið fram.
Hnitakerfi	Gögn skulu vera sett fram í landshnitakerfi, ISN93 (EPSG:3057).
Gagnasnið	Gögnum (línnum) ber að skila í einhverjum af eftirtöldum skráarsniðum: shapefile (.dbf, .prj, .sbn, .sbx, .shp, .shx), sem ESRI File-Geodatabase (.gdb) eða geopackage (.gpkg).

FLOKKUN EFTIR VEGTEGUND

Í skrá yfir vegi í náttúru Íslands á að flokka vegi í fjórar mismunandi vegtegundir eftir því hversu greiðfær viðkomandi vegur er, þ.e. í vegtegund F0 (greiðfær vegur), F1 (seinfær vegur), F2 (lakfær vegur) og F3 (torfær vegur). Um er að ræða sambærilega flokkun og Vegagerðin notar við flokkun landsvega samkvæmt vegalögum en á slíkum vegum er almennt gert ráð fyrir árstíðabundinni umferð auk þess sem gera má ráð fyrir minna eftirliti og þjónustu en á öðrum þjóðvegum.

Við flokkun vega skal einnig tiltaka sérstaklega á hvað tíma árs heimilt er að nota veginn eða hvort umferð um hann er takmörkuð við ákveðna tegund ökutækja eða tilgang umferðar, svo sem vegna smalamennsku, veiði, eftirlits og viðhalds orku- og veitumannvirkja eða rannsókna.

VEGTEGUND	SKILGREINING
F0	Greiðfærir vegir, færir allri almennri umferð að sumarlagi. Oft lokaðir á veturna vegna snjóa og vegna aurbleytu á þáttíð.
F1	Seinfærir vegir, færir allri almennri umferð að sumarlagi. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Stórir lækir og ár brúaðar. Oft lokaðir á veturna vegna snjóa og vegna aurbleytu á þáttíð.
F2	Lakfærir vegir, færir fjórhjóladrifnum bílum, mjög öflugum fólksbílum, jepplingum og vélhjólum. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Breidd um 4 m. Lækir og smáár óbrúaðar. Oft lokaðir á veturna vegna snjóa og aurbleytu á þáttíð.
F3	Torfærir vegir, einungis færir stórum og vel búnum fjórhjóladrifnum bílum, ofurjeppum og vélhjólum. Oftar en ekki lægri en landið til beggja hliða. Geta verið ójafnir, grýttir og með bleytuíhlaupum. Breidd um 4 m. Oft lokaðir á veturna vegna snjóa og aurbleytu á þáttíð.

FITJUEIGINDIR

Í töflu hér að neðan eru settar fram upplýsingar um þær fitjueigindir sem skrá þarf í eigindatöflu skrárinnar. Heiti eiginda eru í fyrsta dálki töflunnar, í öðrum dálki er að finna nánari skilgreiningu á viðkomandi eigind. Í dálkinum „Tegund“ er tilgreint á hvaða formi skal skrá eigindina, þ.e. hvort um er að ræða textastreng, dagsetningu eða tölu. Í síðasta dálkinum er sýnt dæmi um hvernig eigindir eru skráðar í eigindatöfluna.

Ef ekki liggja fyrir upplýsingar um skráningarliðinn má hann vera óskráður „null“ eða tómur strengur ef um er að ræða shape skrár. Aftast í þessu skjali eru hlekkir sem vísa á ítarefni s.s. fitjuskrár og reglugerð um vegi í náttúru Íslands.

Fitjuflokkurinn vegur og skráning eiginda

HEITI	SKILGREINING	TEGUND	DÆMI
FITJUFLOKKUR	Gildi skv. fitjuskrá um samgöngur	Heiltala	301
NAFNFITJU	Heiti vegar	Textastrengur	Vatnaleið
VEGFLOKKUN	Gildi skv. fitjuskrá um samgöngur	Heiltala	5
VEGTEGUND	Gildi skv. reglugerð	Textastrengur	F2
SLITLAG	Gerð slitgólfs eða slitlags á vegum og stígum skv. fitjuskrá um samgöngur	Heiltala	21
BREIDD	Breidd vegar í metrum	Rauntala	3
AKSTURSSTEFNA	Gildi skv. fitjuskrá um samgöngur	Heiltala	2
EININGVEGAKERFIS	Gildi skv. fitjuskrá um samgöngur	Heiltala	1
UPPHAFNOTKUNAR	Dagsetning þegar vegur var tekinn í notkun	Dagsetning	01.03.1970
ENDIRNOTKUNAR	Dagsetning þegar vegur var tekinn úr notkun	Dagsetning	31.12.9999*
HEIMILD	Heimildaskráning, t.d. nr. Loftmynda, skýrslur GPS-mælinga o.fl.	Textastrengur	GPS-mæling
DAGSHEIMILDAR	Hvenær heimild varð til, t.d. útgáfudagsetning korts, aldur loftmynda o.fl.	Dagsetning	24.12.2019
DAGINNSETNINGAR	Hvenær fitjan var færð í gagnasafnið	Dagsetning	20.04.2020
DAGSLEIDRETTINGAR	Hvenær gögnum var síðast breytt eða leiðrétt	Dagsetning	29.04.2020
VINNSLUFERLIFITJU	Gildi skv. fitjuskrá	Heiltala	6
NAKVAEMNIXY	Nákvæmni staðsetningar í fleti, tilgreind í metrum	Rauntala	5
GAGNAEIGANDI	Eigandi (sveitarfélag)sem á gögnin og sér um viðhald á þeim	Textastrengur	Ásahreppur
EIGANDIFYRIRBAERIS	Eigandi vegar	Textastrengur	Sveitarfélag, landeigandi eða ríkið
HRADI	Leyfilegur hámarkshraði	Heiltala	60
OPIDFRA	Frá og með hvaða degi (dags./mán.) umferð er heimil um veginn.	Dagsetning	21.06.
OPIDTIL	Til og með hvaða degi (dags./mán.) umferð er heimil um veginn	Dagsetning	30.04.
ATHS	Hér er hægt að skrá inn athugasemdir sem ekki eiga við um takmörkun á umferð	Textastrengur	
TAKMORKUNUMFERDAR	Sérstakar takmarkanir á umferð á viðkomandi vegi, séu þær til staðar. T.d ef vegur er aðeins ætlaður ákveðinni notkun eða ákveðnum notendum	Textastrengur	Umferð um og í nálægð við varplönd heiðagæsa er bönnuð 1. maí - 20. júní

*9999 á við ef ekki er ákveðið hvenær vegur er tekinn úr notkun

Ef gert er ráð fyrir fleiri en einum opnunartíma vegar er sett ný færsla fyrir hvern opnunartíma „Opið frá“ og „Opið til“ í eigindatöfluna.

Gerð skrár yfir vegi í náttúru Íslands samhliða gerð aðalskipulags

KYNNING TILLÖGU AÐ SKRÁ YFIR VEGI Í NÁTTÚRU ÍSLANDS

Æskilegt er að kynna skrá yfir vegi í náttúru Íslands samhliða kynningu á vinnslutillögu aðalskipulags. Ef tillaga að skrá yfir vegi í náttúru Íslands liggur fyrir á þessu stigi er mælt með að senda hana á stafrænu formi til Vegagerðarinnar til rýni.

Þegar aðalskipulagstillaga er samþykkt til auglýsingar í sveitarstjórn og send til Skipulagsstofnunar til athugunar fyrir auglýsingu, samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga, skal fylgja með tillaga að stafrænni skrá yfir vegi í náttúru Íslands. Stafræn skrá yfir vegi í náttúru Íslands skal jafnframt send til Vegagerðarinnar sem fer yfir gæði stafrænna gagna og metur hvort þau uppfylli tæknilegar kröfur sem Vegagerðin gerir til gagna í skrá yfir vegi í náttúru Íslands. Skráin skal vera línuskrá í formi Shapefile (.dbf, .prj, .sbn, .sbx, .shp, .shx), sem ESRI File-Geodatabase (.gdb) eða geopackage (.gpkg).

Með aðalskipulagsgögnum skal birta þemauppdrátt sem sýnir skráða vegi í náttúru Íslands ásamt töflu yfir vegina með þeim takmörkunum sem kunna að gilda um akstur á þeim. Fjalla þarf um vinnslu skrárinnar og samráð sem viðhaft hefur verið við gerð hennar í greinargerð aðalskipulags.

Að lokinni athugun Vegagerðarinnar á stafrænni skrá og athugun Skipulagsstofnunar á aðalskipulagi samkvæmt skipulagslögum er tillaga að skrá yfir vegi í náttúru Íslands auglýst og kynnt samhliða kynningu viðkomandi aðalskipulagstillögu. Tílefni getur verið til að vekja sérstaklega athygli framangreindra samráðsaðila á auglýsingu skipulagstillögunnar og skrá yfir vegi í náttúru Íslands.

Ef gerðar hafa verið breytingar á skrá yfir vegi í náttúru Íslands, eftir athugun Vegagerðarinnar og/eða vegna athugasemda á auglýsingatíma aðalskipulagstillögunnar þarf að senda skrána aftur til rýni hjá Vegagerðinni, Umhverfisstofnun og eftir atvikum öðrum hagsmunaaðilum.

Að loknu samráði er aðalskipulagstillaga og tillaga að stafrænni skrá yfir vegi í náttúru Íslands endanlega samþykkt í nefndum. .

ENDANLEG AFGREIÐSLA OG GÖGN TIL SKIPULAGSSTOFNUNAR

Að lokinni samþykkt í nefndum er aðalskipulagstillaga ásamt stafrænni skrá yfir vegi í náttúru Íslands send Skipulagsstofnun til staðfestingar samkvæmt 32. gr. skipulagslaga. Stafræn skrá yfir vegi í náttúru Íslands skal send með gögnum aðalskipulags í sérstakri þjappaðri (.zip) skrá sem inniheldur aðeins stafræna skrá yfir vegi í náttúru Íslands og engin önnur gögn. Skipulagsstofnun áframsendir viðkomandi skrá (.zip) til Vegagerðarinnar til birtingar skv. 2. mgr. 32. gr. laga um náttúruvernd.

Ef vegir í skránni liggja innan þjóðgarða eða friðlýstra svæða þarf, með gögnunum, að berast samþykki Umhverfisstofnunar eða stjórnvalds viðkomandi þjóðgarðs. Einnig þarf að berast staðfesting á að Vegagerðin

hafi yfirfarið stafræn gögn og að þau uppfylli tæknilegar kröfur sem Vegagerðin gerir til stafrænna gagna.

GILDISTAKA OG MIÐLUN Á SKRÁ YFIR VEGI Í NÁTTÚRU ÍSLANDS

Skrá sveitarstjórnar, yfir vegi í náttúru Íslands annarra en þjóðvega í viðkomandi sveitarfélagi, öðlast gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda um staðfestingu á viðkomandi aðalskipulagi/aðalskipulagsbreytingu.

Skipulagsstofnun ber að sjá til þess að skrá sveitarfélags berist Vegagerðinni til birtingar svo fljótt sem unnt er eftir staðfestingu aðalskipulags.

Vegagerðin miðlar upplýsingum um vegi í náttúru Íslands, eins og þeir hafa verið settir fram í stafrænni skrá sveitarfélagsins, í vefþjónustu bæði til skoðunar og til niðurrhals.

Útgefendum korta ber að sjá til þess að upplýsingar á kortum þeirra séu, svo sem kostur er, í samræmi við skrá yfir vegi í náttúru Íslands á hverjum tíma.

Sjá einnig graf sem lýsir ferli við gerð skrár yfir vegi í náttúru Íslands samhliða gerð aðalskipulags.

Gerð skrár yfir vegi í náttúru Íslands samhliða gerð aðalskipulags

Sjá nánari útlistun á hverju skrefi í textaumfjöllun hér að ofan

Lýsing fyrir gerð aðalskipulags

skv. 30. gr skipulagslaga

Í lýsingu er umfjöllun um flokkun vega í náttúru Íslands

Vegagerðin er meðal umsagnaraðili um lýsingu

Samráð við Vegagerð

skv. 32. gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013

Við gerð skrár yfir vegi í náttúru Íslands skal auk formlegs samráðs við kynningu skipulagstillögu, haft samráð um skrá yfir vegi í náttúru Íslands við stofnanir og samtök tiltekin í náttúruverndarlögum, þ.m.t. **Vegagerðina**

Kynning á vinnslustigi

skv. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga

Æskilegt að skrá yfir vegi í náttúru Íslands sé kynnt samhliða vinnslutillögu

Leitað er samráðs um skrá til þeirra sem kveðið er á um
í 32. gr. laga um náttúruvernd

**Vegagerðin yfirfer vinnslutillögu og fær einnig stafræna skrá
yfir vegi í náttúru Íslands til yfirferðar, liggja hún fyrir**

Tillaga til athugunar

skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga

Kynna skal skrá yfir vegi í náttúru Íslands samhliða

Leitað er samráðs um skrá til þeirra sem kveðið er á um
í 32. gr. laga um náttúruvernd

Vegagerðin yfirfer skipulagstillögu og stafræna skrá yfir vegi í náttúru Íslands

Auglýsing tillögu

skv. 31. gr. skipulagslaga

Skrá yfir vegi í náttúru Íslands er auglýst samhliða

Leitað er samráðs um skrá til þeirra sem kveðið er á um
í 32. gr. laga um náttúruvernd

**Vegagerðin veitir umsögn um auglýsta tillögu,
þ.m.t. stafræna skrá yfir vegi í náttúru Íslands***

Afgreiðsla eftir auglýsingu

skv. 32. gr. skipulagslaga

Sveitarstjórn samþykkir aðalskipulagið og skrá yfir vegi í náttúru Íslands og sendir Skipulagsstofnun til staðfestingar

Samhliða staðfestingu skipulags öðlast skrá yfir vegi í náttúru Íslands gildi

Skipulagsstofnun sendir Vegagerðinni stafræna skrá að lokinni staðfestingu

Vegagerðin birtir skrá yfir vegi í náttúru Íslands

*Gerir Vegagerðin athugasemdir við stafræna skrá á auglýsingatíma þarf stofnunin að kalla eftir gögnum til yfirferðar, áður en sveitarstjórn samþykkir aðalskipulag ásamt skrá yfir náttúru Íslands

Skref við gerð skrár yfir vegi í náttúru Íslands:

————— samhliða gerð aðalskipulags

— — — — — skv. lögum um náttúruvernd

Gerð skrár yfir vegi í náttúru Íslands samhliða gerð svæðisskipulags

Einnig er heimilt að vinna skrá yfir vegi í náttúru Íslands samhliða gerð svæðisskipulags eða svæðisskipulagsbreytingar. Um það fer í öllum aðalatriðum með sama hætti og lýst hefur verið að framan. Þar er þó sá munur á að það er viðkomandi svæðisskipulagsnefnd sem í umboði sveitarstjórna ber þá ábyrgð á gerð skrárinnar og skipulagsferlinu.

Breyting á skrá yfir vegi í náttúru Íslands

Ferli við gerð breytinga á skrá yfir vegi í náttúru Íslands er í öllum aðalatriðum það sama og lýst er hér að framan.

Breyting á skrá yfir vegi er samþykkt í sveitarstjórn samhliða nýju aðalskipulagi eða breytingu á aðalskipulagi og öðlast gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda samhliða nýju aðalskipulagi eða breytingu á aðalskipulagi (eða eftir atvikum samhliða nýju svæðisskipulagi eða breytingu á því).

Frekari upplýsingar

[Lög um náttúruvernd nr. 60/2013](#)

[Reglugerð um vegi í náttúru Íslands nr. 260/2018](#)

[Gagnalýsing fyrir vegi í náttúru Íslands](#)

[Íslenskar gagnalýsingar og fitjuskrár](#)

[Íslensk fitjuskrá um samgöngur](#)